

15. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Þriðjudaginn 8. júní 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 17:00.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þóra Sverrisdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Frá Skagaströnd: Guðmundur Egill Erlendsson, Halldór G. Ólafsson og Alexandra Jóhannesdóttir

Frá Blönduósbæ: Guðmundur Haukur Jakobsson, Jón Örn Stefánsson og Valdimar O. Hermannsson.

Frá Skagabyggð: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Niðurstöður kosninga

Niðurstöður kosninga um tillögu sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar laugardaginn 5. júní sl. voru eftirfarandi:

Sveitarfélag	Já	Nei	Auðir/ógildir	Alls	Kjörsókn
Blönduósbær	89%	10%	1%	100%	71%
Húnavatnshreppur	57%	42%	2%	100%	85%
Skagabyggð	45%	55%	0%	100%	76%
Sveitarfélagið Skagaströnd	29%	69%	2%	100%	84%

Þar sem íbúar Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar höfnuðu sameiningu nær hún ekki fram að ganga. Verkefnið framundan er því að ljúka verkefninu og ganga frá gögnum til vistunar í Héraðsskjalasafni sbr. næsta lið.

2. Lok og frágangur verkefnisins

Rætt um skil á gögnum verkefnisins til Héraðsskjalasafns. Ráðgjöfum falið að leita ráðgjafar héraðsskjalavarðar. Einar og Róbert fara yfir fjárhagslega stöðu verkefnisins til framlagningar á næsta fundi. Ráðgjöfum falið að gera drög að bréfi til sveitarstjórna um niðurstöður kosninganna. Formanni var gefið umboð til að senda bréfið.

3. Lærdómur og reynsla

Rætt um reynsluna af verkefninu og árangur. Punktur úr umræðunni voru færir í skjalið. „Lærdómur og mat á árangri“. Umræðu verður fram haldið á næsta fundi.

4. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn þegar uppgjör verkefnisins liggur fyrir. Formaður boðar fundinn í samráði við ráðgjafa.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 18:00